

# Aðalfundur NOS

haldinn á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar  
þriðjudaginn 30. október 2018 kl. 14:30

**Mætt:** Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Jón G. Valgeirsson, Ingibjörg Harðardóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Eydís Indriðadóttir, Helgi Kjartansson Ásta Stefánsdóttir, Elliði Vignisson og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritaði fundargerð. Auk þess sat fundinn María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu.

## Dagskrá aðalfundar.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins starfsárs
2. Ársreikningur síðasta rekstrarárs
3. Fjárhagsáætlun 2019
4. Lagabreytingar
5. Ráðning löggilts endurskoðanda
6. Önnur mál.

### 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins starfsárs

María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu fór yfir skýrslu liðins starfsárs. Nokkrar umræður urðu um skýrsluna og tengt efni.

### 2. Ársreikningur 2017

Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna fyrir árið 2017 hefur þegar verið lagður fram á vorkundi og staðfestur.

### 3. Fjárhagsáætlun ársins 2019

Fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu fyrir árið 2019 lögð fram til staðfestingar.

EKKI er gert ráð fyrir verulegum breytingum á rekstri frá áætlun liðandi rekstrarárs.

Í tengslum við fjárhagsáætlun er lögð fram tillaga frá Maríu um breytt skipulag þjónustunnar. Rætt var um tillögu Maríu og óska nefndarmenn eftir því að tekið sé saman starfslýsing fyrirhugaðs starfsmanns og hvaða verkefni það eru nákvæmlega sem flytjast yfir og hvernig verkefni skarast við verkefni Bergrisans.

Samþykkt að fresta því að taka ákvörðun um tillögu Maríu um breytt skipulag þjónustunnar þangað til þær upplýsingar liggja fyrir.

Tillagan fylgir með fundargerðinni sem fylgiskjal nr 1.

Fjárhagsáætlunin var samþykkt eins og hún var lögð fram, þ.e án breytinga innan þjónustunnar.

### 4. Lagabreytingar

Engar tillögur hafa borist um lagabreytingar.

## 5. Ráðning löggilts endurskoðanda

Deloitte hefur séð um endurskoðun reikninga og er gerð tillaga um að það verði áfram. Tillagan samþykkt samhljóða.

## 6. Önnur mál

- Aukið verður í sálfræðipjónustuna vegna mikilla biðlista. Búið er að ráða einn sálfræðing í verktöku til eins árs.
- Rætt um starfshlutfall námsráðgjafa Uppsveita og Flóa. Þar sem mikil eftirspurn er eftir námsráðgjafanum þarf að kanna með að auka starfshlutfall hans.
- Námskeið fyrir skólanefndir verður haldið fyrir jól. Reynt var að halda námskeið fyrir í haust en sá tími hentaði illa fyrir nefndarmenn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:45

Halldóra Hjørleifsdóttir, fundarritari

*Fylgiskjal nr.1*

## **Tillaga forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónsutu Árneshings að breyttu skipulagi þjónustunnar.**

Frá ágúst 2011 er komin reynsla á að reka sameiginlega þjónustu þeirra sjö sveitarfélaga sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings. Sveitarfélögin sameinuðust fyrst um rekstur Velferðarþjónustu og síðan bættist við sérfræðiþjónusta skóla í janúar 2014.

Byggðarsamlagið er þannig uppbyggt að starfsmenn skólaþjónustu heyra beint undir forstöðumann en starfsmenn velferðarþjónustu heyra undir sveitarfélag sem þeir starfa í eða hóp sveitarfélaga sem eru með samning þar um. Forstöðumaður er þá faglegur yfirmaður þeirra starfsmanna en bæjar-/ eða sveitarstjórar yfirmenn þeirra.

Þetta fyrirkomulag hefur reynst ágætlega en það hefur verið flókið, sérstaklega þegar þarf að taka á starfsmannamálum. Sú hugmyndafræði sem lá til grundvallar að hafa öflugt teymi fagfólks, sem hefði stuðning hvor að öðrum í vinnslu erfiðra mála hefur ekki að fullu náðst sérstaklega er varðar vinnu félagsráðgjafana. Þeir eru starfsmenn sveitarfélagsins sem þeir eru ráðnir til og hafa fyrst og fremst skyldur að gegna varðandi þjónustu við það sveitarfélag. Þeir upplifa sig eina í starfi. Fastir fundir eru með félagsráðgjöfum þar sem farið er yfir málin sem þeir eru að vinna að og er hvatt til þess að þeir vinni saman í erfiðum málum. Þetta skipulag hefur ekki dugað til að stuðningur sé nægjanlegur og hefur vantað upp á starfsþróun og nýbreytni. Við viljum gjarnan efla félagslega þjónustu og þá fyrst og fremst með tilliti til þess að koma fyrr að málum barna. Við viljum veita foreldrum öflugra uppeldisráðgjöf og auka þverfaglegt samstarf. Mikill áhugi er fyrir því að innleiða Austurlandslíkanið (snemmtæk íhlutun og forvarnir). Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri á Fljótsdalshéraði var með kynningu á því líkani á Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga þann 12. október s.l. sjá hér: <http://www.samband.is/media/fjarmalaradstefna-2018/Julia.pdf>

Slík nálgun krefst breytinga á starfsumhverfi þ.e. mun nánari samvinnu félagsráðgjafa við skólaþjónustunna. Telur undirrituð mikilvægt að félagsráðgjafarnir verði starfsmenn byggðarsamlagsins í stað hvers sveitarfélags, þannig að þeir starfi fyrir allt svæðið. T.d. hefur starfsmaður sem vinnur fyrir sveitarfélag Ölfus sagt upp störfum vegna nálægðar við notendur í barnaverndarmálum. Með þessari skipulagsbreytingu er auðveldar að skipta upp verkefnum milli félagsráðgjafa og þeir hafa meiri tök á að sérhæfa sig.

Ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga tóku gildi 1. október 2018 og við það verður til Stuðningsþjónusta sem tekur við af félagslegri heimaþjónustu, félagslegri og frekari liðveislu, þannig að nú verður þjónusta veitt bæði innan sem og utan heimilis. Þessi þjónusta telst til grunnþjónustu sveitarfélagsins og getur þjónusta inn á heimilið verið allt að 15 tímar á viku. Við það færast þjónusta sem áður var veitt af Bergrisanum til fatlaðs fólks yfir til sveitarfélaganna.

Telur undirrituð mikilvægt að ráða verkefnisstjóra stuðningsþjónsutu til að sinna þessu nýja verkefni. Sá starfsmaður myndi m.a. sjá um mat á þjónustu, kynna sér matstæki sem fanga þessa þjónustu, nýtingu velferðartækni og fleira.

Tillaga forstöðumanns er að auka um eitt stöðugildi í velferðarþjónustu og að félagsráðgjafar sem vinna hjá þjónustunni heyri undir byggðarsamlagið. Í nánustu framtíð væri æskilegt að starfsmenn skóla – og velferðarþjónustu væru í sameiginlegu húsnæði.

Áætlaður kostnaður vegna aukins stöðugildis laun, launatengd gjöld og akstur kr. 10.500.000